

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/95/ESB

2016/EES/18/44

frá 22. október 2014

**um breytingu á tilskipun 2013/34/ESB að því er varðar birtingu tiltekinna stórra fyrirtækja og samstæðna á ófjárhagslegum upplýsingum og upplýsingum um fjölbreytileika (\*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,í samræmi við almenna lagasetningar meðferð <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í orðsendingu sinni, sem ber heitið „Lög um innri markað: Tólf lyftistangir til að stuðla að hagvexti og efla traust — „Vinnum saman í þágu hagvaxtar““, sem var samþykkt 13. apríl 2011, nefndi framkvæmdastjórnin nauðsyn þess að ná fram á móta gagnsæi í öllum aðildarríkjunum hvað varðar félagslegar og umhverfislegar upplýsingar sem fyrirtæki í öllum geirum veita. Þetta er í fullu samræmi við þann möguleika aðildarríkjanna að krefjast, eftir því sem við á, frekari umbóta hvað varðar gagnsæi í ófjárhagslegum upplýsingum fyrirtækja en verkefnið er í eðli sínu viðvarandi.
- 2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, sem ber heitið „Endurnýjuð stefna ESB um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja fyrir tímabilið 2011-2014“ sem var samþykkt 25. október 2011, var ítrekuð nauðsyn þess að fyrirtæki bæti birtingu félagslegra og umhverfislegra upplýsinga með því að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf á þessu sviði.
- 3) Í ályktunum Evrópuþingsins frá 6. febrúar 2013, „Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja: ábyrg og gagnsæ viðskiptahegðun fyrirtækja og sjálfbær vöxtur“ og „Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja: efling samfélagslegra hagsmuna og leið til sjálfbærs efnahagsbata fyrir alla“ viðurkenndi það mikilvægi þess að fyrirtæki birti upplýsingar um sjálfbærni, t.d. félagslega og umhverfislega þætti, með það fyrir augum að greina áhættu tengda sjálfbærni og auka traust fjárfesta og neytenda. Þannig er birting ófjárhagslegra upplýsinga afar þýðingarmikil með tilliti til þess að stýra breytingu í átt að sjálfbæru hnattrænu hagkerfi með því að sameina langtímaárðsemi félagslegu réttlæti og umhverfisvernd. Í þessu samhengi styður birting ófjárhagslegra upplýsinga við mælingar, eftirlit og stjórnun á frammistöðu fyrirtækja og áhrifum þeirra á samfélagið. Því hvatti Evrópuþingið framkvæmdastjórnina til að leggja fram tillögu að nýrri, afar sveigjanlegri löggjöf um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga af hálfu fyrirtækja í því skyni að taka tillit til margþætts eðlis samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja og þess hve fjölbreyttar þær stefnur eru sem fyrirtæki koma til framkvæmda á sviði samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja og ná fram nægilegu samanburðarhæfi til að uppfylla þarfir fjárfesta og annarra hagsmunaaðila og þörf neytenda fyrir greiðan aðgang að upplýsingum um áhrif fyrirtækja á samfélagið.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 330, 15.11.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB C 327, 12.11.2013, bls. 47.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 29. september 2014.

- 4) Samræming laga aðildarríkjanna um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga hvað varðar tiltekin stór fyrirtæki er mikilvæg jafnt fyrir fyrirtæki, hluthafa og aðra hagsmunaaðila. Samræming á þessum sviðum er nauðsynleg vegna þess að flest fyrirtækjanna hafa starfsemi í fleiri en einu aðildarríki.
- 5) Einnig er nauðsynlegt að koma á tilteknum lágmarkslagaskilyrðum hvað varðar umfang upplýsinga sem fyrirtæki í Sambandinu ættu að hafa aðgengileg fyrir almenning og yfirvöld. Fyrirtæki, sem falla undir þessa tilskipun, ættu að gefa skýrt og heildstætt yfirlit yfir stefnur sínar, niðurstöður og áhættuþætti.
- 6) Til þess að efla samkvæmni og samanburðarhæfi birtra ófjárhagslegra upplýsinga í Sambandinu ættu tiltekin stór fyrirtæki að taka saman skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði þar sem fram koma upplýsingar er varða a.m.k. umhverfistengd málefni, félagsleg og starfsmannatengd málefni, virðingu fyrir mannréttindum og málefni er varða baráttu gegn spillingu og mútum. Í skýrslunni ætti að koma fram lýsing á stefnum, niðurstöðum og áhættuþáttum í tengslum við þessi málefni og hún ætti að vera hluti af skýrslu framkvæmdastjórnar í viðkomandi fyrirtæki. Skýrslan yfir ófjárhagsleg atriði ætti einnig að taka til upplýsinga um ferla áreiðanleikakönnunar sem fyrirtækið annast þar sem einnig er höfð hliðsjón af, þegar það á við og slíkt er við hæfi, aðfanga- og undirverktakakeðjum þess í því skyni að greina, koma í veg fyrir og milda fyrirliggjandi og möguleg neikvæð áhrif. Mögulegt ætti að vera fyrir aðildarríkin að veita fyrirtækjum, sem falla undir þessa tilskipun, undanþágu frá þeirri skyldu að setja fram skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði þegar sett er fram sérstök skýrsla sem tekur til sama fjárhagsárs og sama efnis.
- 7) Ef gerð er sú krafa að fyrirtæki setji fram skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði ættu að koma fram í henni, í tengslum við umhverfistengd málefni, upplýsingar um fyrirliggjandi og fyrirsjáanleg áhrif af starfsemi fyrirtækisins á umhverfið og, ef við á, á heilbrigði og öryggi, notkun endurnýjanlegrar og/eða óendurnýjanlegrar orku, losun gróðurhúsalofttegunda, vatnsnotkun og loftmengun. Að því er félagsleg og starfsmannatengd málefni varðar geta veittar upplýsingar tekið til aðgerða til að tryggja jafnrétti kynjanna, framkvæmd grundvallarsamninga Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, vinnuskilyrða, skoðanaskipta milli aðila vinnuarkadarins, að réttur starfsmanna til að fá upplýsingar og taka þátt í samráði sé virtur, virðingar fyrir réttindum stéttarfélaga, heilbrigðis og öryggis á vinnustað og samráðs við nærsamfélagið og/eða aðgerða til að tryggja vernd og þróun slíkra samfélaga. Með hliðsjón af mannréttindum, baráttu gegn spillingu og mútum gæti skýrsla yfir ófjárhagsleg atriði einnig tekið til upplýsinga um að koma í veg fyrir brot á mannréttindum og/eða leiða til að berjast gegn spillingu og mútum.
- 8) Fyrirtæki, sem falla undir þessa tilskipun, ættu að veita fullnægjandi upplýsingar í tengslum við málefni þar sem líklegast er að helstu áhættuþættir leiði til alvarlegra áhrifa, auk áhrifa sem hafa þegar komið fram. Meta ætti alvarleika slíkra áhrifa á grundvelli umfangs þeirra og mikilvægis. Hættan á neikvæðum áhrifum kann að leiða af eigin starfsemi fyrirtækisins eða tengjast aðgerðum þess og, þegar við á og slíkt er við hæfi, vörum þess, þjónustu og viðskiptatengslum, þ.m.t. aðfanga- og undirverktakakeðjum. Þetta ætti ekki að leiða til óhóflegs viðbótarstjórnsýsluálags fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.
- 9) Þegar fyrirtæki, sem falla undir þessa tilskipun, veita þessar upplýsingar geta þau stuðst við innlenda ramma, ramma á vegum Sambandsins, s.s. umhverfisstjórnunarkerfi ESB (EMAS), eða alþjóðlega ramma, s.s. hnattrænt samkomulag SP um siðferði og ábyrgð í viðskiptum, leiðbeinandi meginreglur um viðskipti og mannréttindi sem koma til framkvæmda ramma SP „Vernd, virðing og úrræði“, viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðafyrirtæki, Alþjóðlegu staðlasamtökin ISO 26000, þrihliða yfirlýsingu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um fjölþjóðafyrirtæki og félagsmálastefnu, framtaksverkefnið um alþjóðlega skýrslugjöf eða aðra viðurkennda alþjóðlega ramma.
- 10) Aðildarríkin ættu að sjá til þess að fyrir liggi fullnægjandi og árangursrík úrræði til að tryggja að fyrirtæki birti ófjárhagslegar upplýsingar í samræmi við þessa tilskipun. Í þessu skyni ættu aðildarríkin að sjá þess að fyrir liggi skilvirk málsmeðferð í aðildarríkjunum til að framfylgja þeim skuldbindingum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og að slík málsmeðferð standi öllum þeim einstaklingum og lögaðilum til boða sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta í samræmi við landslög, til að tryggja að ákvæði þessarar tilskipunar séu virt.
- 11) Í 47. mgr. í niðurstöðuskjali ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna Rio+20, sem ber heitið „Framtíðin sem við viljum“, er vakin athygli á mikilvægi þess að gerð sé grein fyrir sjálfbærni fyrirtækja og hvetur fyrirtæki, eftir því sem við á, til að samþætta upplýsingar um sjálfbærni skýrslugjafarferlinu. Það hvetur atvinnulífið, stjórnvöld sem eiga hagsmuna að gæta og viðeigandi hagsmunaaðila, með

stuðningi kerfis Sameinuðu þjóðanna, eins og við á, til að þróa líkön fyrir bestu starfsvenjur og greiða fyrir því að fjárhagslegar og ófjárhagslegar upplýsingar verði samþættar, með hliðsjón af reynslu af fyrirliggjandi römmum.

- 12) Aðgangur fjárfesta að ófjárhagslegum upplýsingum er skref í átt að þeim áfanga að koma á markaðstengdum og stefnumiðuðum hvötum fyrir árið 2020 sem umbun fyrir fjárfestingar fyrirtækja í skilvirkni innan ramma vegvísisins um auðlindanýtna Evrópu.
- 13) Leiðtogaráðið kallaði eftir því í niðurstöðum sínum frá 24. og 25. mars 2011 að dregið yrði úr heildarstjórnsýslubyrði, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, bæði á vettvangi Evrópu og aðildarríkjanna og lagði til ráðstafanir til að auka framleiðni, jafnframt því sem áætlinin Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla miðar að því að bæta viðskiptaumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stuðla að alþjóðavæðingu þeirra. Þannig ættu nýju kröfurnar um birtingu aðeins að gilda um tiltekin stór fyrirtæki og samstæður í samræmi við meginregluna „Hugsíð smátt í fyrstu“.
- 14) Skilgreina ætti gildissvið þessara krafna um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga með vísan til meðalfjölda starfsmanna, niðurstöðutölu efnahagsreiknings og hreinnar veltu. Lítil og meðalstór fyrirtæki ættu að vera undanþegin viðbótarkröfum og skyldan um að birta skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði ætti einungis að gilda um stóru fyrirtækin, sem varða hagsmuni almennings, og þau fyrirtæki sem eru móðurfyrirtæki stórrar samstæðu, og hafa í hverju tilviki yfir 500 starfsmenn að meðaltali, ef um er að ræða samstæðu á samstæðugrunni. Þetta ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki geri þá kröfu að fyrirtæki og samstæður, önnur en fyrirtæki sem falla undir þessa tilskipun, birti ófjárhagslegar upplýsingar.
- 15) Mörg þeirra fyrirtækja, sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB <sup>(3)</sup>, eru hluti af samstæðum fyrirtækja. Taka ætti saman samstæðuskýrslur framkvæmdastjórnar til þess að unnt sé að veita félagsaðilum og þriðju aðilum upplýsingar um slíkar samstæður fyrirtækja. Því ætti að samræma landslög um samstæðureikningsskil til að ná fram markmiðum um samanburðarhæfi og samkvæmni þeirra upplýsinga sem fyrirtæki ættu að birta innan Sambandsins.
- 16) Lögildir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ættu einungis að kanna hvort skýrslan yfir ófjárhagsleg atriði eða sérstaka skýrslan hafi verið lögð fram. Enn fremur ætti að vera mögulegt fyrir aðildarríkin að krefjast þess að óháður gæðatryggingaaðili sannreyni þær upplýsingar sem fram koma í skýrslunni yfir ófjárhagsleg atriði eða í sérstöku skýrslunni.
- 17) Með það í huga að auðvelda fyrirtækjum birtingu ófjárhagslegra upplýsinga ætti framkvæmdastjórnin að setja fram leiðbeiningar sem eru ekki bindandi, þ.m.t. almenna og geirabundna ófjárhagslega lykिलframmiðduvísa. Framkvæmdastjórnin ætti að taka tillit til fyrirliggjandi bestu starfsvenja, alþjóðlegrar þróunar og árangurs af tengdum framtaksverkefnum Sambandsins. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa viðeigandi samráð, m.a. við viðkomandi hagsmunaaðila. Þegar vísað er til umhverfisþátta ætti framkvæmdastjórnin að fjalla í það minnsta um landnýtingu, losun gróðurhúsalofttegunda og notkun efna.
- 18) Fjölbreyttar valdheimildir og álit stjórnarmanna í stjórnnum, framkvæmdastjórnnum og eftirlitsstjórnnum fyrirtækja greiðir fyrir góðum skilningi á skipulagi og málefnum viðkomandi fyrirtækja. Það gerir stjórnarmönnum þessara stjórna kleift að vefengja með uppbyggilegum hætti stjórnarákvarðanir og taka með opnum huga nýstárlegum hugmyndum til að vinna gegn því að skoðanir verði of einsleitir, fyrirbæri sem er einnig kallað „hjarðhugsun“. Þannig stuðlar það að skilvirku eftirliti stjórnar og árangursríkum stjórnunarháttum fyrirtækisins. Því er mikilvægt að efla gagnsæi hvað varðar þá stefnu um fjölbreytileika sem fylgt er. Þetta myndi upplýsa markaðinn um stjórnarhætti fyrirtækja og þar með beita fyrirtæki óbeinum þrýstingi um að gæta að fjölbreytileika í stjórnnum.
- 19) Sú skylda að birta stefnur um fjölbreytileika í tengslum við stjórnir, framkvæmdastjórnir og eftirlitsstjórnir, með tilliti til þátta á borð við aldur, kyn eða menntunarlegan og faglegan bakgrunn, ætti einnig að gilda um stór fyrirtæki. Birting stefnu um fjölbreytileika ætti að vera hluti af yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækja eins og mælt er fyrir um í 20. gr. tilskipunar 2013/34/ESB. Ef engri stefnu um fjölbreytileika er beitt ætti ekki að vera fyrir hendi skuldbinding um að koma slíkri stefnu á en í yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækja ætti að koma fram greinagóð skýring á því hvers vegna staðan er eins og hún er.

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinnna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

- 20) Frumkvæði á vettvangi Sambandsins hefur verið veitt athygli, þ.m.t. landsbundinni skýrslugjöf fyrir nokkra geira, vísunum leiðtogaráðsins til landsbundinnar skýrslugjafar fyrir stór fyrirtæki og samstæður í niðurstöðum þess frá 22. maí 2013 og 19. og 20. desember 2013, sambærilegum ákvæðum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB <sup>(4)</sup> og alþjóðlegri viðleitni til að bæta gagnsæi í reikningsskilum. Efnahags- og framfarastofnunin hefur verið beðin um, í tengslum við ríkjahópana G8 og G20, að setja fram staðlað skýrslugjafarsniðmát fyrir alþjóðleg fyrirtæki til að upplýsa skattfyrivöld um það hvaðan þau hafa hagnað sinn og hvar í heiminum þau greiða skatta. Þessi þróun kemur til fyllingar tillögunum í þessari tilskipun í formi viðeigandi ráðstafana sem hæfa tilgangi hverrar þeirra um sig.
- 21) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð markmiði þessarar tilskipunar nægilega vel, þ.e. að efla mikilvægi, samkvæmni og samanburðarhæfi upplýsinga sem tiltekin stór fyrirtæki og samstæður í Sambandinu birta, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna áhrifa þeirra, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.
- 22) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, s.s. frelsi til atvinnurekstrar, friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga. Koma ætti þessari tilskipun til framkvæmda með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.
- 23) Því ætti að breyta tilskipun 2013/34/ESB til samræmis við það.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Breytingar á tilskipun 2013/34/ESB**

Tilskipun 2013/34/ESB er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi grein bætist við:

*„19. gr. a*

#### **Skýrsla yfir ófjárhagsleg atriði**

1. Stór fyrirtæki, sem varða hagsmuni almennings sem fara fram úr viðmiðinu um að hafa, á dagsetningum efnahagsreikningsins, 500 starfsmenn að meðaltali á fjárhagsárinu, skulu setja í skýrslu framkvæmdastjórnar skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði, sem felur í sér upplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er til að öðlast skilning á þróun, frammistöðu, stöðu og áhrifum af starfsemi fyrirtækisins er tengjast að lágmarki umhverfislegum, félagslegum og starfsmannatengdum málefnum, virðingu fyrir mannréttindum, baráttu gegn spillingu og mútum, þ.m.t.:

- a) stutta lýsingu á viðskiptalíkani fyrirtækisins,
- b) lýsingu á stefnum sem fyrirtækið fylgir í tengslum við þau málefni, þ.m.t. áreiðanleikakönnunarferlar sem hrint hefur verið í framkvæmd,
- c) niðurstöður þeirra stefna,

<sup>(4)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

- d) helstu áhættuþætti sem stafa af þeim málefnum sem tengjast starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t., þegar við á og slíkt er við hæfi, viðskiptatengslum, vörum eða þjónustu sem líklegt má telja að leiði til neikvæðra áhrifa á þessum svæðum og hvernig fyrirtækið stýrir þessum áhættuþáttum,
- e) ófjárhagslega lykilframmistöðuvísar sem varða þessa tilteknu starfsemi.

Ef fyrirtækið fylgir ekki stefnum í tengslum við eitt eða fleiri þessara málefna skal skýr og rökstudd skýring á því hvers vegna það er ekki gert koma fram í skýrslunni yfir ófjárhagsleg atriði.

Skýrslan yfir ófjárhagsleg atriði, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal einnig, eftir því sem við á, fela í sér tilvísanir til fjárhæða sem settar eru fram í árlegum reikningsskilum og frekari skýringar á þeim.

Í undantekningartilvikum geta aðildarríkin heimilað að undanskildar séu upplýsingar, sem varða fyrirhugaða þróun eða málefni í samningaferli, ef fulltrúar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, sem starfa innan valdheimilda sinna samkvæmt landslögum, hafa gefið rökstutt álit sitt og bera sameiginlega ábyrgð á því álitu að birting slíkra upplýsinga gæti haft alvarleg áhrif á viðskiptastöðu fyrirtækisins, að því tilskildu að slík undanþága komi ekki í veg fyrir sanngjarnan og yfirvegaðan skilning á þróun fyrirtækisins, frammistöðu, stöðu og áhrifum af starfsemi þess.

Þegar aðildarríkin krefjast birtingar þeirra upplýsinga, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu þau gera ráð fyrir að fyrirtækin geti reitt sig á innlenda, Sambandstengda eða alþjóðlega ramma og skulu fyrirtækin, í því tilviki, tilgreina hvaða ramma þau styðjast við.

2. Fyrirtæki, sem uppfylla þá skuldbindingu sem sett er fram í 1. mgr., skulu teljast hafa uppfyllt þá skuldbindingu sem varðar greiningu á ófjárhagslegum upplýsingum sem sett er fram í þriðju undirgrein 1. mgr. 19. gr.

3. Fyrirtæki, sem er dótturfyrirtæki, skal vera undanþegið skuldbindingunni sem sett er fram í 1. mgr. ef fyrirtækið og dótturfyrirtæki þess koma fram í samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar eða í sérstakri skýrslu annars fyrirtækis sem er gerð í samræmi við 29. gr. og þessa grein.

4. Ef fyrirtæki tekur saman sérstaka skýrslu, sem á við um sama fjárhagsár, hvort sem byggt er á innlendum, Sambandstengdum eða alþjóðlegum römmum eða ekki og hún tekur til þeirra upplýsinga sem er krafist fyrir skýrsluna yfir ófjárhagsleg atriði, eins og kveðið er á um í 1. mgr., geta aðildarríkin undanþegið fyrirtækið þeirri skyldu að taka saman þá skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., að því tilskildu að slík sérstök skýrsla:

- a) sé birt ásamt skýrslu framkvæmdastjórnar í samræmi við 30. gr. eða
- b) sé gerð aðgengileg öllum innan hæfilegs tíma og eigi síðar en sex mánuðum eftir dagsetningu efnahagsreiknings á vefsetri fyrirtækisins og að vísað sé til hennar í skýrslu framkvæmdastjórnar.

Ákvæði 2. mgr. skulu gilda, að *breyttu breytanda*, um fyrirtæki sem taka saman þá sérstöku skýrslu sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki kanni hvort skýrslan yfir ófjárhagsleg atriði, sem um getur í 1. mgr., eða sérstaka skýrslan, sem um getur í 4. mgr., hafi verið lögð fram.

6. Aðildarríkin geta gert þá kröfu að óháður gæðatryggingaaðili sannreyni upplýsingarnar í skýrslunni yfir ófjárhagsleg atriði sem um getur í 1. mgr. eða sérstöku skýrslunni sem um getur í 4. mgr.:

2) Ákvæðum 20. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr.:

„g) lýsing á stefnunni um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn fyrirtækisins með tilliti til þátta á borð við aldur, kyn eða menntunarlegan og faglegan bakgrunn, markmið stefnunnar um fjölbreytileika, hvernig henni er komið til framkvæmda og niðurstöður skýrslutímabilsins. Ef engri slíkri stefnu er fylgt skal koma fram í skýrslunni skýring á því hvers vegna svo er.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal láta í ljós álit sitt í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 34. gr. að því er varðar upplýsingar sem teknar eru saman skv. c- og d-lið 1. mgr. þessarar greinar og skal athuga hvort upplýsingarnar, sem um getur í a-, b-, e-, f- og g-lið 1. mgr. þessarar greinar, hafi verið veittar.“

c) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Aðildarríkin geta undanþegið fyrirtæki, sem um getur í 1. mgr., sem hafa aðeins gefið út verðbréf, önnur en hlutabréf, sem eru skráð á skipulegum markaði, í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, frá beitingu ákvæðanna í a-, b-, e-, f- og g-lið 1. mgr. þessarar greinar, nema þessi fyrirtæki hafi gefið út hlutabréf sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga í skilningi 15. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.“

d) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Þrátt fyrir 40. gr. gildir g-liður 1. mgr. ekki um lítil og meðalstór fyrirtæki.“

3) Eftirfarandi grein bætist við:

„29. gr. a

#### **Samstæðuskýrsla yfir ófjárhagsleg atriði**

1. Fyrirtæki, sem varða hagsmuni almennings og eru móðurfyrirtæki stórra samstæðna sem fara, á samstæðugrunni, fram úr viðmiðinu um að hafa, á dagsetningum efnahagsreikningsins, 500 starfsmenn að meðaltali á fjárhagsárinu, skulu setja í samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar samstæðuskýrslu yfir ófjárhagsleg atriði sem felur í sér upplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er til að öðlast skilning á þróun, frammistöðu, stöðu og áhrifum af starfsemi samstæðunnar er tengjast að lágmarki umhverfislegum, félagslegum og starfsmannatengdum málefnum, virðingu fyrir mannréttindum, baráttu gegn spillingu og mútum, þ.m.t.:

- stutta lýsingu á viðskiptalíkani samstæðunnar,
- lýsingu á stefnum sem samstæðan fylgir í tengslum við þau málefni, þ.m.t. áreiðanleikakönnunarferlar sem hrint hefur verið í framkvæmd,
- niðurstöður þeirra stefna,
- helstu áhættuþætti sem stafa af þeim málefnum sem tengjast starfsemi samstæðunnar, þ.m.t., þegar við á og slíkt er við hæfi, viðskiptatengslum hennar, vörum eða þjónustu sem líklegt má telja að leiði til neikvæðra áhrifa á þessum svæðum og hvernig samstæðan stýrir þessum áhættuþáttum,
- ófjárhagslega lykilframmistöðuvísar sem varða þessa tilteknu starfsemi.

Ef samstæðan fylgir ekki stefnum í tengslum við eitt eða fleiri þessara málefna skal skýr og rökstudd skýring á því hvers vegna það er ekki gert koma fram í samstæðuskýrslunni yfir ófjárhagsleg atriði.

Samstæðuskýrslan yfir ófjárhagsleg atriði, sem um getur í fyrstu undirgrein, skall einnig, eftir því sem við á, fela í sér tilvísanir til fjárhæða sem settar eru fram í árlegum samstæðureikningsskilum og frekari skýringar á þeim.

Í undantekningartilvikum geta aðildarríkin heimilað að undanskildar séu upplýsingar, sem varða fyrirhugaða þróun eða málefni í samningaferli, ef fulltrúar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, sem starfa innan valdheimilda sinna samkvæmt landslögum, hafa gefið rökstutt álit sitt og bera sameiginlega ábyrgð á því áliti um að birting slíkra upplýsinga gæti haft alvarleg áhrif á viðskiptastöðu samstæðunnar, að því tilskildu að slík undanþága komi ekki í veg fyrir sanngjarnan og yfirvegaðan skilning á þróun samstæðunnar, frammistöðu, stöðu og áhrifum af starfsemi hennar.

Þegar aðildarríkin krefjast birtingar þeirra upplýsinga, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu þau gera ráð fyrir að móðurfyrirtækið geti reitt sig á innlenda, Sambandstengda eða alþjóðlega ramma og skal móðurfyrirtækið, í því tilviki, tilgreina hvaða ramma þau styðjast við.

2. Móðurfyrirtæki, sem uppfylla þá skuldbindingu sem sett er fram í 1. mgr., skulu teljast hafa uppfyllt þá skuldbindingu sem varðar greiningu á ófjárhagslegum upplýsingum sem sett er fram í þriðju undirgrein 1. mgr. 19. gr. og 29. gr.

3. Móðurfyrirtæki, sem er einnig dótturfyrirtæki, skal undanþegið skuldbindingunni, sem sett er fram í 1. mgr., ef það undanþegna móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki þess koma fram í samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar eða í sérstakri skýrslu annars fyrirtækis sem er gerð í samræmi við 29. gr. og þessa grein.

4. Ef móðurfyrirtæki tekur saman sérstaka skýrslu sem á við um sama fjárhagsár, sem vísar til heillar samstæðu, hvort sem byggt er á innlendum, Sambandstengdum eða alþjóðlegum römmum eða ekki og hún tekur til þeirra upplýsinga sem er krafist fyrir samstæðuskýrsluna yfir ófjárhagsleg atriði, eins og kveðið er á um í 1. mgr., geta aðildarríkin undanþegið móðurfyrirtækið þeirri skyldu að taka saman samstæðuskýrslu yfir ófjárhagsleg atriði, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., að því tilskildu að slík sérstök skýrsla:

- a) sé birt ásamt samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar í samræmi við 30. gr. eða
- b) sé gerð aðgengileg öllum innan hæfilegs tíma og eigi síðar en sex mánuðum eftir dagsetningu efnahagsreiknings á vefsetri móðurfyrirtækisins og að vísað sé til hennar í samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar.

Ákvæði 2. mgr. skulu gilda, *að breyttu breytanda*, um móðurfyrirtæki sem taka saman sérstaka skýrslu sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki kanni hvort samstæðuskýrslan yfir ófjárhagsleg atriði, sem um getur í 1. mgr., eða sérstaka skýrslan, sem um getur í 4. mgr., hafi verið lögð fram.

6. Aðildarríkin geta gert þá kröfu að óháður gæðatryggingaaðili sannreyni upplýsingarnar í samstæðuskýrslunni yfir ófjárhagsleg atriði sem um getur í 1. mgr. eða sérstöku skýrslunni sem um getur í 4. mgr.“

4) Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. í 33. gr.:

„1. Aðildarríkin skulu tryggja að fulltrúar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækis, sem starfa innan valdheimilda sinna samkvæmt landslögum, beri sameiginleg ábyrgð á því að tryggja að:

- a) árleg reikningsskil, skýrsla framkvæmdastjórnar, yfirlýsing um stjórnarhætti fyrirtækja þegar hún er sett fram sérstaklega og skýrslan sem um getur í 4. mgr. 19. gr. a og
- b) samstæðureikningsskil, samstæðuskýrsla framkvæmdastjórnar, samstæðuyfirlýsing um stjórnarhætti fyrirtækja þegar hún er sett fram sérstaklega og skýrslan sem um getur í 4. mgr. 29. gr. a,

séu samin og birt í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar og, eftir atvikum, alþjóðlega reikningsskilastaðla sem hafa verið samþykktir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.“

5) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 34. gr.:

„3. Greinin gildir ekki um skýrsluna yfir ófjárhagsleg atriði sem um getur í 1. mgr. 19. gr. a og samstæðuskýrsluna yfir ófjárhagsleg atriði sem um getur í 1. mgr. 29. gr. a eða sérstöku skýrslunni sem um getur í 4. mgr. 19. gr. a og 4. mgr. 29. gr. a.“

6) Í 48. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við á undan síðustu málsgreininni:

„Í skýrslunni skal einnig taka til athugunar, með hliðsjón af þróun hjá Efnahags- og framfarastofnuninni og niðurstöðum tengdum evrópskum frumkvæðisverkefnum, möguleikann á að setja fram skuldbindingu þar sem þess er krafist að stór fyrirtæki setji árlega fram landsbundna skýrslu fyrir hvert aðildarríki og þriðja land þar sem þau starfa, með a.m.k. upplýsingum um hagnað, greidda skatta af hagnaði og móttæknar opinberar niðurgreiðslur.“

2. gr.

#### **Leiðbeiningar um skýrslugjöf**

Framkvæmdastjórnin skal setja fram leiðbeiningar, sem eru ekki bindandi, um aðferðafræði við skýrslugjöf um ófjárhagslegar upplýsingar, þ.m.t. almenna og geirbundna ófjárhagslega lykilframmistöðuvísu, með það í huga að auðvelda fyrirtækjum viðeigandi, hagnýta og sambærilega birtingu ófjárhagslegra upplýsinga. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við viðeigandi hagsmunaaðila í tengslum við þetta.

Framkvæmdastjórnin skal birta leiðbeiningarnar eigi síðar en 6. desember 2016.

3. gr.

#### **Endurskoðun**

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar tilskipunar, m.a. um gildissvið hennar, einkum að því er varðar stór óskráð fyrirtæki, skilvirkni hennar og umfang leiðbeininga og aðferða sem settar eru fram í henni. Birta skal skýrsluna eigi síðar en 6. desember 2018 og henni skulu fylgja, eftir því sem við á, tillögur að nýrri löggjöf.

4. gr.

#### **Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 6. desember 2016. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að ákvæðin, sem um getur í fyrstu undirgrein, gildi um öll fyrirtæki innan gildissviðs 1. gr. fyrir fjárhagsárið sem hefst 1. janúar 2017 eða á almanaksárinu 2017.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

#### **Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.



6. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 22. október 2014.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

M. SCHULZ

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

B. DELLA VEDOVA

*forseti.*

---